

<b>Ríkisaðili</b>	<b>Rannsóknamiðstöð Íslands, Rannís</b>
<b>Ábyrgðaraðili</b>	<i>Hallgrímur Jónasson</i>
<b>1</b>	<b>Hlutverk og framtíðarsýn</b>
	<p>Hlutverk Rannís er að treysta stoðir íslensks samfélags með stuðningi við rannsóknir, nýsköpun, menntun og menningu. Rannís styður þekkingarsamfélagið með rekstri samkeppnissjóða, aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum, greinir og kynnir áhrif á þjóðarhag. Stofnunin starfar náið með Vísinda- og tækniráði, en hlutverk Rannís er að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd Vísinda- og tæknistefnu ráðsins. Stofnunin leggur áherslu á samstarf stjórnvalda og hagsmunaaðila.</p> <p>Framtíðarsýn Rannís er að lagður verði metnaður í, og sífellt leitað nýrra leiða til að auka þekkingu, miðlun og vísindastarf á Íslandi, til eflingar á menntun, menningu og nýsköpun í þjóðarbúinu. Rannís leitast við að veita viðskiptavinum sínum góða þjónustu, viðhafa fagleg vinnubrögð, gagnsæi og trúnað og vera viðurkennd sem traust og trúverðug stofnun, með hæfu starfsfólki og traustri stjórnun.</p>
<b>2</b>	<b>Kjarnastarfsemi</b>
	<p>Kjarnastarfsemi Rannís er þríþætt, þ.e. rekstur samkeppnissjóða, alþjóðasamstarf og stuðningsverkefni.</p> <p>Í fyrsta lagi rekstur samkeppnissjóða þar sem stærstu sjóðirnir eru Rannsóknasjóður, Tækniþróunarsjóður og Launasjóðir listamanna, auk 17 annarra sjóða. Samtals höfðu þessir sjóðir til ráðstöfunar á árinu 2016 um 8 milljarða kr., sem úthlutað var á grundvelli um 4 þúsund umsókna til um 1700 verkefna sem um 10.000 einstaklingar nutu góðs af.</p> <p>Í öðru lagi stuðlar Rannís að alþjóðlegu samstarfi, með megin áherslu á starf innan meginlands Evrópu og Norðurlandanna. Ávinningur af þekkingaryfirfærslu, aðgengi að reynslu og mannauði, auk tengslamyndunar í alþjóðlegu samstarfi er afgerandi og styrkir samkeppnisstöðu landsins. Samstarfsáætlanir á sviði rannsókna (Horizon 2020), menntunar (Erasmus+) og menningar- og miðlunar (Creative Europe), auk undiráætlana Norrænu ráðherranefndarinnar, hafa skilað umtalsverðum fjármunum til landsins, umfram framlög sem lögð eru til þessara áætlana.</p> <p>Þriðja kjarnasvið Rannís er almennt kynningar- og greiningarstarf auk reksturs innlendra og erlendra verkefna í samræmi við stefnu stjórnvalda, s.s. miðlun upplýsinga um framlag vísinda, menntunar og menningar, rekstur Gæðaráðs háskóla, umsjón með skattvildun og stuðningsverkefni við menntaáætlun ESB.</p> <p>Rekstrarsvið Rannís vinnur þvert á starfseminum og leggur áherslu á almenna þætti s.s. bókhald, fjármál og mannauð, samskipti og gagnastýringu, sbr. hér að ofan.</p> <p>Ætla má að umfang reksturs sjóða nemi um 40% af heildar-vinnustundum, rekstur vegna alþjóðlegs samstarfs um 40% og þriðji málaflokkurinn, stuðningsverkefni, nemi um 20% af starfseminni.</p>

Stefna Rannsóknamiðstöðvar Íslands, Rannís, til þriggja ára

<b>Markmið 1</b>		<b>Tengist markmiði málaflokks</b>					
<b>Styrkja faglega og skilvirka umsýslu samkeppnissjóða.</b>		<p>Málefnasvið 7: Efla gæði, afrakstur og skilvirkni rannsóknastarfs og nýsköpunar.</p> <p>Málefnasvið 21: Að auka gæði í háskóla- og rannsóknastarfsemi til að treysta alþjóðlega samkeppnishæfni og tengsl við atvinnulífið.</p> <p>Málefnasvið 18: Efla og jafna tækifæri til nýsköpunar innan allra listgreina.</p>					
<b>Aðgerðir</b>		<b>Upphaf</b>	<b>Lok</b>	<b>Kostnaður 2017</b>	<b>Kostnaður 2018</b>	<b>Kostnaður 2019</b>	
1.	Áframhaldandi þróun á rafrænu umsýslukerfi, með áherslu á fagráðs- og greiðslukerfið, í „open source“ hugbúnaði.	Þegar hafið	2019	2,5 m. kr.	2,5 m. kr.	2,5 m. kr.	
2.	Samræmd framsetning á upplýsingum um allar úthlutanir á vegum Rannís.	1/1 2017	2018	2,0 m. kr.	2,0 m. kr.	0	
3.	Samræma verklag sjóða í umsjón Rannís.	1/1 2016	2019	1,5 m. kr.	1,5 m. kr.	1,5 m. kr.	
<b>Mælikvarðar</b>		<b>Gögn lögð til grundvallar</b>	<b>Staða 2015</b>	<b>Staða 2016</b>	<b>Viðmið 2017</b>	<b>Viðmið 2018</b>	<b>Viðmið 2019</b>
1	„Mínar síður“ verði til fyrir alla umsækjendur ásamt upplýsingum er þá varðar.	Hlutfall umsækjenda sem hefur aðgang að „mínar síður“.	30%	30%	50%	70%	100%
2	Hlutfall studdra verkefna með upplýsingum á vefsvæði Rannís.	Upplýsingar um verkefni aðgengilegar í sameiginlegum gagnagrunn Rannís.	30%	30%	60%	100%	
3	Hlutfall sjóða af heild þar sem endurskoðun var framkvæmd með tilliti til samræmds verklags.	Handbækur sjóða endurskoðaðar með tilliti til samræmdrar útgáfu.	0	0	50%	75%	100%
<b>Markmið 2</b>		<b>Tengist markmiði málaflokks</b>					
<b>Stuðla að aukinni þátttöku á sviði rannsókna, menntunar og menningar í alþjóðlegu samstarfi og þekkingaryfirferlu.</b>		<p>Málefna svið 7: Efla alþjóðlegt samstarf á sviði rannsókna, nýsköpunar og menntunar.</p> <p>Málefnasvið 7: Auka hreyfanleika vísindamanna, nemenda og starfsfólks allra skólastiga.</p>					
<b>Aðgerðir</b>		<b>Upphaf</b>	<b>Lok</b>	<b>Kostnaður 2017</b>	<b>Kostnaður 2018</b>	<b>Kostnaður 2019</b>	

Stefna Rannsóknamiðstöðvar Íslands, Rannís, til þriggja ára

1.	Stuðla að samstarfi innlendra sjóða við erlenda sjóði við fjármögnun verkefna og áætlana, þar sem það á við.	Virkt í dag	2018	3 m. kr.	3 m. kr.		
2.	Auka þekkingaryfirfærslu með öflugum tímabundnum vistaskiptum (mobility) nemenda og starfsfólks í alþjóðlegu samstarfi (E+ og N+) og samstarfsverkefnum.	Virkt í dag	Engin mörk	1,0 m. kr.	1,0 m. kr.	1,0 m. kr.	
3.	Byggja upp þjónustuskrifstofu fyrir uppbyggingarsjóð EFTA.	Virkt í dag	2019	17 m. kr.	17 m. kr.	17 m. kr.	
	<b>Mælikvarðar</b>	<b>Gögn lögð til grundvallar</b>	<b>Staða 2015</b>	<b>Staða 2016</b>	<b>Viðmið 2017</b>	<b>Viðmið 2018</b>	<b>Viðmið 2019</b>
1.	Fjöldi verkefna og áætlana í formlegu alþjóðlegu samstarfi.	Yfirlit yfir fjölda verkefna og áætlana.	6	6	8	12	15
2.	Fjöldi aðila í vistaskiptum.	Fjöldi einstaklinga, kynnt á heimasíðu og í ársskýrslu.	4.240	4.560	4.740	4.900	5.150
3.	Fjöldi verkefna með íslenski þátttöku í verkefnum á vegum uppbyggingarsjóðs EFTA.	Fjöldi verkefna kynnt á heimasíðu og í ársskýrslu.	Virkt í dag	0	0	50	75
	<b>Markmið 3</b>	<b>Tengist markmiði málaflokks</b>					
3.	<b>Greina og kynna áhrif og mikilvægi rannsókna, menntunar, lista og menningar, og marka stefnu sem skapar sem mestan ávinning fyrir samfélagið.</b>	Málefnaávið 22: Móta stefnu á grundvelli góðra gagna og samráðs við hagsmunaaðila til að styrkja yfirstjórn, stefnumótun, eftirlit og mat á ávinningi af starfsemi og einstaka aðgerðum.					
	<b>Aðgerðir</b>	<b>Upphaf</b>	<b>Lok</b>	<b>Kostnaður 2017</b>	<b>Kostnaður 2018</b>	<b>Kostnaður 2019</b>	
	Standa að viðburðum til að koma á framfæri árangri og tækifærum fyrir viðskiptavini og almenning.	1/1 2017	2019	2 m. kr.	2 m. kr.	2 m. kr.	
	Greina árangur af starfi Rannís í samfélagslegu samhengi og miðla niðurstöðum til almennings.	1/1 2017	opið	1,5 m. kr.	1,5 m. kr.	1,5 m. kr.	
	Vinna að áhrifamati í samstarfi við ytri aðila og ef svo ber undir á eigin vegum á þáttum í starfsemi Rannís.	1/1 2017	opið	2,5 m. kr.	2,5 m. kr.	2,5 m. kr.	
	<b>Mælikvarðar</b>	<b>Gögn lögð til grundvallar</b>	<b>Staða 2015</b>	<b>Staða 2016</b>	<b>Viðmið 2017</b>	<b>Viðmið 2018</b>	<b>Viðmið 2019</b>
	Fjöldi þátttakenda .	Talning á heildarfjölda þátttakenda í viðburðum á vegum Rannís.	Óviss	3000 til 3500	3500	5000	5000
	Fjöldi greina og skýrsla um málefni tengd Rannís.	Umfjöllun um þróun þekkingar-samfélagsins að frumkvæði Rannís.	0	0	3	5	8

Stefna Rannsóknamiðstöðvar Íslands, Rannís, til þriggja ára

Fjöldi áhrifamatsskýrsla af starfi sjóða/áætlana.	Áhrifamatsskýrslur, markmiðið er að í lok tímabilsins liggja fyrir þrjár skýrslur, erfitt er að tímasetja hvenær þær liggja fyrir.	1/1 2017	opið	1	1	1
<b>3 Rekstrarþættir</b>						
Rannís er þekkingarvinnustaður þar sem fagmennska, traust, ábyrgð og góð samskipti ríkja í daglegu starfi, jafnt á meðal starfsmanna og gagnvart viðskiptavinum. Starfsemi Rannís hefur gengið í gegnum breytingar á undanförunum árum og er því mikilvægt að styrkja og byggja upp innri ferli í starfsemi stofnunarinnar. Lögð er áhersla á að styrkja innri og ytri starfsemi stofnunarinnar og tryggja fjármögnun.						
<b>Markmið 1</b>	Stefnumótun fyrir Rannís í öllum mikilvægum málaflokkum liggja fyrir					
<b>Aðgerðir</b>		<b>Upphaf</b>	<b>Lok</b>	<b>Kostnaður 2017</b>	<b>Kostnaður 2018</b>	<b>Kostnaður 2019</b>
Fá ráðgjafa til að vinna með starfsfólki að stefnumótun stofnunarinnar.		1/1 2017	31/12 2018	2,0	2,0	0
Endurskoða og fullvinna fleiri þætti í starfsmannahandbókina, s.s. um innri og ytri samskipti, tölvumál og fleiri verkferla.		1/1 2017	2018	1,0	1,0	
Kalla eftir viðhorfum starfsmanna til Rannís sem vinnustaðar með reglubundnum könnunum.		1/1 2017	opið	0,5	0,5	0,5
<b>Mælikvarðar</b>	<b>Gögn lögð til grundvallar</b>	<b>Staða 2015</b>	<b>Staða 2016</b>	<b>Viðmið 2017</b>	<b>Viðmið 2018</b>	<b>Viðmið 2019</b>
Stefna gerð opinber.	Stefna Rannís skjalfest.		undirbúningur	Í vinnslu	lokið	
Endurútgáfa á starfsmannahandbók, árleg endurskoðun.	Ný útgáfa af starfsmannahandbók.		Ný útgáfa	Ný útgáfa	Ný útgáfa	Ný útgáfa
Mælikvarðar eru annars vegar heildarmat í gildum og sæti Rannís í árlegri könnun SFR.	Niðurstöður reglubundinna kannana og SFR könnun „fyrirmyndar stofnun“, heildarmat og sæti Rannís.	3,52 eða 130 sæti í SFR könnun	3,82 eða 96 sæti	3,9 eða <75 sæti	4,0 eða <60 sæti	4,1 eða <50 sæti
<b>Markmið 2</b>	Styrkja innri og ytri starfsemi Rannís.					
<b>Aðgerðir</b>		<b>Upphaf</b>	<b>Lok</b>	<b>Kostnaður 2017</b>	<b>Kostnaður 2018</b>	<b>Kostnaður 2019</b>
Láta framkvæma úttekt á gagnaöryggi Rannís.		1/1 2017	31/12 2018	2,0	2,0	0
Innleiða starfsþróunaráætlun fyrir starfsmenn.		Haust 2016	2018	0,5	0,5	0

Stefna Rannsóknamiðstöðvar Íslands, Rannís, til þriggja ára

Setja starfseminni siðareglur.		1/1 2017	31/12 2018	1,5	1,5	0
<b>Mælikvarðar</b>	<b>Gögn lögð til grundvallar</b>	<b>Staða 2015</b>	<b>Staða 2016</b>	<b>Viðmið 2017</b>	<b>Viðmið 2018</b>	<b>Viðmið 2019</b>
Fá stöðuyfirlit yfir gagnaöryggi hjá Rannís.	Staðfesting óháðs aðila á gagnaöryggi.			Unnið að undirbúningi	Staðfesting viðurkennds aðila	
Fjöldi starfsþróunaráætlana ásamt skráningu í verkþókhald og vinnustund á umfangi starfsþróunar.	Skjalfestar upplýsingar um starfsþróun einstakra starfsmanna.		Undirbúningur verkefnis	Í vinnslu.	Yfirlit fyrir alla starfsmenn	
Skjalfestar siðareglur fyrir Rannís.	Útgáfa siðareglna.			Í vinnslu.	Endanleg útgáfa	
<b>Markmið 3</b>	Stuðla að hagkvæmum rekstri.					
<b>Aðgerðir</b>		<b>Upphaf</b>	<b>Lok</b>	<b>Kostnaður 2017</b>	<b>Kostnaður 2018</b>	<b>Kostnaður 2019</b>
Endurskoðun á aðkeyptum rekstrarþáttum s.s. tölvumál og þrif.		1/1 2017	31/12 2019	óverulegur	óverulegur	óverulegur
Endurskoða verkefni/kostnaðartegundir með tilliti til hagkvæmni		1/1 2017	31/12 2019	1,0	1,0	
Auka tekjur af húsnæði Rannís		1/1 2017	31/12 2017	óverulegur		
<b>Mælikvarðar</b>	<b>Gögn lögð til grundvallar</b>	<b>Staða 2015</b>	<b>Staða 2016</b>	<b>Viðmið 2017</b>	<b>Viðmið 2018</b>	<b>Viðmið 2018</b>
Lækkun rekstrarkostnaðar m. a. með örútböðum	Örútböðslýsingar og tilboð	Ekki reynt örútböð	Ekki reynt örútböð	Tvö örútböð	eitt örútböð	
Lækkun kostnaðar og/eða tekjuaukning	Bókhaldsgögn og greinargerð um valin verkefni	Í vinnslu	Í vinnslu	Tvö verkefni	Tvö verkefni	
Leigutekjur af húsnæði	Bókhaldsgögn		31/12 2017	Hækkun leigutekna af Bárugötu og af 3ju hæð B30		